

Landsnet
Gylfatúni 9
112 Reykjavík
(sent rafrænt á landsnet@landsnet.is)

Ísafirði 15. júlí 2018

Umsögn: drög að Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027 (auglýst á heimasíðu Landsnets 1. júní 2018)

Í þessum drögum að Kerfisáætlun 2018-2027 eru tillögur um hvernig auka megi afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum og varða því miklu fyrir framgang samfélags og atvinnulífs landshlutans. Segja má að upphaf málsins megi rekja til tillögu í skýrslu nefndar forsætisráðherra frá í apríl 2007 varðandi afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum¹.

Ferill málsins frá því framandgreind tillaga var lögð fram, er í stuttu lagi þannig. Unnin var áfangaskýrsla hjá Landsneti *Flutningskerfi Vestfjarða* í desember 2007 og síðan skýrsla í mars 2009 *Bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum*. Eins má vísa til vinnu ráðgjafahóps iðnaðarráðherra sem skipaður var á árinu 2009 til að fjalla um bætt afhendingaröryggi á Vestfjörðum og skilaði skýrslu í febrúar 2011. Í framhaldinu skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til að fylgja tillögum eftir og hefur hann skilað áfangaskýrslum 2012 og 2014.

Í þessum skýrslum Landsnets og ráðgjafahópsins var bent á að verkefnið væri þrjúþætt;

- að gera úrbætur á svæðisbundnu flutningskerfi (>66 KV) og á almenna dreifikerfinu, en ástand flutnings og dreifkerfi var víða hörmulegt í samanburði við önnur landssvæði.
- að leita leiða til hringtengja flutningskerfi á Vestfjörðum og tryggja betur flutning raforku til Vestfjarða frá landskerfinu
- að leita leiða til að auka orkuframleiðslu innan Vestfjarða en orkuframleiðslan samsvarar um rúm 40 % af orkuþörf (23 MW).

Lítið hefur þokast með þann hluta verkefnisins, að byggja upp nýja flutningsleið frá landskerfinu eða með styrkingu á Vesturlínu (frá Hrutatungu í Mjólka, um 160 km). Verkefnið er kostnaðarsamt og krefst sértækra fjárveitinga úr ríkissjóði þar sem aukning í tekjum yrði hæg í upphafi og óheimilt er að setja umframkostnað inn í flutningsverð raforku. Stjórnvöld hafa ekki verið tilbúin að setja fram slíkar fjárveitingar og þar við hefur setið frá því árinu 2007. Hvað varðar þriðja atriðið, þá hefur verið unnið að undirbúningi vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum. Tvö verkefni hafa verið samþykkt í Rammaáætlun auk þess fleiri verkefni eru á rannsóknarstigi. Afl þessara virkjana fullnægir núverandi raforkuþörf og mætir einnig aukinni eftirspurn vegna uppgangs í atvinnulífi og gefur færi á að laða að fleiri verkefni.

¹ Skýrsla nefndar um leiðir til að styrkja atvinnumál á Vestfjörðum (apríl 2007).

2.3 Aukið öryggi í raforkumálum Nefndin leggur til að iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti feli Landsneti að útbúa sérstaka áætlun fyrir Vestfirði þar sem settar verði fram tillögur til að draga úr tíðni straumrofa á Vestfjörðum, s.s. með styrkingu núverandi lína, lagningu strengja o.fl. Meðal þess sem skoðað verði er að leggja háspennustrengi um jarðgöng. Áætlunin verði afhent iðnaðar- og viðskiptaráðherra eigi síðar en 1. ágúst nk. og hann kynni hana í ríkisstjórn og fyrir heimamönnum. Jafnframt beinir nefndin því til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins að beita sér fyrir því að þrífösun rafmagns verði komið á í sveitum við Djúp og á Barðaströnd.

Eins hefur verulegur árangur náðst í úrbótum og uppbyggingu á svæðisbundnu flutningskerfi t.d. á norðanverðum Vestfjörðum. Það svæði eða önnur á Vestfjörðum geta þó ekki mætt beiðnum stórkaupenda ef slíkt verkefni kæmi fram, þar sem ekki er hægt að tryggja N-1 orkuafhendingu.

Umsögn

Í þessari umsögn verður sjónum áfram beint á þessa þrjá meginþætti, úrbætur á **svæðisbundnum flutningskerfi**, úrbætur á **flutningi raforku frá landskerfi** og eða **auka raforkuframleiðslu innan Vestfjarða**.

Svæðisbundin verkefni. Styrking flutningskerfis á sunnan og norðanverðum Vestfjörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir yfir stuðningi og fagnar þeirri hugmynd sem sett er fram í áætlun Landsnets um kerfisstyrkingu í svæðisbundna kerfinu á Vestfjörðum. Verkefnið felur í sér uppbyggingu á hringtengingu flutningskerfis um sunnan- og norðanverða Vestfirði og tryggt verði N-1 rekstur á öllum afhendingarstöðum sem tengjast hringnum. Flutningskerfið verði því samkeppnishæft við aðra hluta landsins og sé því þáttur að bæta samkeppnishæfni landshlutans í framleiðslu og sölu orku til atvinnulífs og samfélaga.

Í drögum að Kerfisáætlun 2018-2027 eru eftirtalin verkefni kynnt í framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2018-2021

- Kafli 2.5.1. Styrking á suðurfjörðum Vestfjarða, framkvæmd hefjist 2020 og ljúki fyrri hluta árs 2021.

Verkefnið snýst um kerfisstyrkingu í svæðisbundna kerfinu á Vestfjörðum sem ná á fram með hringtengingu á sunnanverðum Vestfjörðum. Verkefnið er áfangaskipt og fyrsti áfangi í þessari tengingu er að leggja sæstreng yfir Arnarfjörð og tengja þannig á milli Hrafnseyrar og Bíldudals. Sæstrengurinn verður tengdur inn á núverandi 33 KV kerfi Orkubús Vestfjarða og næst þar með ný tenging frá Mjólka og út á Bíldudal og þaðan á Keldeyri.

Fjórðungssamband Vestfirðinga bendir á að nú á sér stað hröð uppbygging atvinnulífs á sunnanverðum Vestfjörðum og fjölgun íbúa. Helstu þættir sem hér um ræðir eru; eldi laxfiska í Patreksfirði, Tálknafirði, Arnarfirði, vinnslu afurða á Bíldudal og uppbygging seiðaeldis í Tálknafirði. Íslenska kalkþörungafélagið hefur einnig áform um stækkun vinnslu sinnar á Bíldudal.

Horft til þessarar uppbyggingar atvinnulífs og vankvæði sem hafa verið með rekstur geislatengingu Tálknarfjarðarlínu frá Mjólka, þá telur Fjórðungssamband Vestfirðinga að flýta beri þessari framkvæmd og verkefnið verði hafið á árinu 2019.

- Kafli 3.1.2 Jarðstrengur í Dýrafjarðargöng. Verkefnið snýr að lagningu 132 KV jarðstrengs í Dýrafjarðargöng

Verkefnið leysir af veðurfarslegan erfiðan kafla flutningslínu Breiðadalslínu 1 um Flatafjall, því sætir það undrun að ekki eigi að taka jarðstrenginn í notkun fyrr en á árinu 2025 en lagningu hans líkur í janúar 2020. Óskað er að þessu verkefni verði hraðað þannig að úrbætur í flutningskerfi nýtist strax og þær liggja fyrir.

Í athugasemd með þessum tillögum kemur fram að óskað sé umsagnar Orkustofnunar um forræði varatengingar af þessu tagi. Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur tekið málið upp með Orkubú Vestfjarða og Orkustofnun vegna þessa atriðis og hefur sambandið verið fullvissað um, að báðir aðila gera ekki athugasemd við forræði Landsnets á þessari flutningsleið. Væntir Fjórðungssambandið að þetta verði staðfest í endanlegri útgáfu Kerfisáætlunar 2018-2027 og ljóst sé að Landsnet reki flutningskerfi á Vestfjörðum líkt og í öðrum landshlutum.

Verkefni 2022-2027.

Í kafla 3.4.1. er auk framangreindra verkefna lýst áframhald á uppbyggingu hringtengingu um sunnan og norðanverða Vestfirði. eru þar til skoðunar tveir valkostir, valkostur 1 (hringur) og valkostur 2 (átta) en báðir kostirnir nýtast af þeim verkefnum sem eru á framkvæmdaáætlun 2018-2021. Kerfislega mun valkostur 2 gefa betri lausn á flutning raforku og afhendingaröryggi en lagt er til að velja valkost 1 með tilliti til kostnaðar. Ekki er gefið til kynna hvenær farið yrði í framkvæmd á 2. og 3. áfanga, en hér verður að benda á að hraða verði uppbyggingu tengivirkis við Bíldudal, til að geta nýtt úrbætur samkvæmt 1. áfanga eins fljótt og verða má.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill síðan benda á markmið þingsályktunar nr 26/148, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku m.a. (feitltrun FV)

3. Treysta skal flutningskerfið betur, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt. Skulu Eyjafjarðarsvæði, **Vestfirðir** og Suðurnes vera **sett í forgang**.
4. Skoða skal að hve miklu leyti megi **nýta jarðstrengi með hagkvæmum hætti við uppbygginguna**. Ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið.
5. Gæta skal jafnvægis milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa við uppbygginguna.
6. Standa skal að uppbyggingunni á opinn og fyrir fram skilgreindan hátt innan ramma kerfisáætlunar, þar sem valkostagreiningar eru lagðar til grundvallar.
7. Styrking og uppbygging á flutningskerfinu skal miða að því að auka afhendingaröryggi raforku á landsvísu með sérstakri **áherslu á þau landsvæði sem búa við skert orkuöryggi**. Þá skulu **möguleikar til fjölbreyttrar atvinnusköpunar á landsvísu hafðir að leiðarljósi við uppbygginguna**. Allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu skulu árið 2030 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum hlutum flutningskerfisins skulu árið 2040 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. **Fram að þeim tíma skal leitast við að tryggja afhendingaröryggi fyrir svæðisbundin flutningskerfi með afli innan svæðis**.
8. Tryggja skal að flutningskerfið mæti þörfum fyrir **aukin orkuskipti í samgöngum og haftengdri starfsemi**, m.a. að því er varðar innviði fyrir rafbíla, notkun raforku í höfnum og raforku til fiskimjölsbræðslna.

Á grundvelli þessara markmiða þá gerir Fjórðungssamband Vestfirðinga þá kröfu um að uppbygging kerfisins sé samkeppnishæft við aðra landshluta samkvæmt markmiði nr 7. Samkeppnishæft til að taka við aukinni framleiðslu á raforku innan Vestfjarða og geti afhent raforku til stærri notenda í og við þéttbýli á Vestfjörðum. Vísað er hér jafnt til virkjunarkosta stærri en 10 MW, Hvalár í Ófeigsfirði, Austurgilsvirkjunar og Skúfnavatnavirkjunar og virkjana minni en 10 MW s.s. í Ísafjarðardjúpi og víðar á Vestfjörðum. Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur því til að valkostir 1 og valkostur 2 verði endurmetnir á grunni markmiða þingsályktunar nr 26/148, áður en áfangar 2 og 3 verði fastsettir.

Úrbætur á flutningskerfi raforku til Vestfjarða - hringtenging flutningskerfis raforku á Vestfjörðum.

Það flækir umsögn um drög að Kerfisáætlun 2018-2027 að rammi hennar miðar við raforkuspá og getur ekki fjallað um verkefni sem eru í undirbúningi s.s. nýjar virkjanir. Það vekur einnig athygli að engin umfjöllun er um það sem varðar hringtengingu flutningskerfis fyrir alla Vestfirði, né umfjöllun um úrbætur á Vesturlínu. Staða þess máls er því óbreytt frá því skýrsla Landsnet kom út í mars 2009.

Hér er hinsvegar um grundvallarmál að ræða fyrir atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum og sem Alþingi lýsir nú stuðningi yfir í markmiðum þingsályktunar nr 26/148 um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Það er því eindregin og skýr krafa sveitarfélaga á Vestfjörðum að Kerfisáætlun taki til umfjöllunar hvernig byggja má upp flutningskerfi á raforku á Vestfjörðum. Og þar verði horft til þeirra verkefna sem auka raforkuframleiðslu innan Vestfjarða og að sú orka nýtist til að mæta aukinni orkuþörf landshlutans og gefi færi á að undirbúa ný verkefni.

Hér eru tveir meginþættir; orkan verði afhent með N-1 tengingum þéttbýlis og nágrenni þeirra á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum samkvæmt tillögum hringtengingu í drögum að Kerfisáætlun 2018-2027. Á sama hátt verði komið verði á N-1 tengingu Reykhóla, Hólmavíkur og Drangnes. Hinsvegar að flutningskerfi Vestfjarða verði hringtengt og úrbætur verði gerðar á tengingum við landskerfið.

Grundvallaratriði í þessu máli er ákvörðun um staðsetningu tengipunkts í innanverðu Ísafjarðardjúpi og tengingu hans við landskerfið og tengingu við sunnan og norðanverða Vestfirði og Strandir og Reykhóla.

Í Kerfisáætlun má horfa til að hér sé um að ræð langtímaverkefni, sem skipta má upp í áfanga eftir því sem virkjanir byggjast upp. Tveir virkjunarkostir hafa verið samþykktir í nýtingarflokk innan Rammaáætlunar. Fyrri virkjunarkosturinn er Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði sem samþykkt var innan Rammaáætlunar 2 í nýtingarflokk, umhverfismat virkjunarinnar liggur fyrir og tillaga um breytingu á aðalskipulagi vegna rannsókna á virkjunarstæði hefur verið afgreidd. Verkefnið nálgast í því að komast á framkvæmdastig og fyrir liggur að afl og framleiðslugeta stendur fyrir lögboðnu tengigjaldi að næsta tengipunkti flutningskerfisins. Annar virkjanakostur við norðanvert Ísafjarðardjúp er Austurgilsvirkjun sem samþykkt var í nýtingarflokk innan Rammaáætlunar 3, framkvæmdaaðili getur því hafið undirbúning að umhverfismati.

Einnig er unnið að endurmati á Skúfnavatnavirkjun samhliða undirbúningi að Hvalárvirkjun, en um sömu framkvæmdaaðila er þar að ræða. En með nýjum tengipunkti við innanvert Djúp hafa forsendur virkjunarinnar breyst til hins betra. Að lokum skal horft til að veitt hafa verið rannsóknarleyfi fyrir a.m.k. þrem virkjunum vestanmegin við Ísafjarðardjúp sem tengja verður við orkunotendur á Vestfjörðum og við landskerfið. Eins hafa verið veitt rannsóknarleyfi er lúta að stækkun Mjólkárviðvirðingar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur því mikla áherslu að á árinu 2018 verði tekin ákvörðun um staðsetningu tengipunkts í Ísafjarðardjúpi og sú ákvörðun komi inn í kerfisáætlun 2018-2027. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur látið kanna kerfislæga kosti við flutning raforkunnar frá þessum tengipunkti sem uppfylli markmið um hringtengingu og úrbætur á Vesturlínu.

- a. Tenging tengipunkts inn á landsnetið með tengingu við Vesturlínu verði með uppbygging 132 KV loftlínu í Kollafjörð..
- b. Ný flutningslína 132 KV sem væri sambland loftlínu og jarðstreng samhliða Vesturlínu úr Kollafirði í Mjólka um 40 km leið.

Mest áhrif verða á sunnanverðu og norðanverðum Vestfjörðum. Raforka frá Hvalárvirkjun nægir til að svara núverandi eftirspurn og afltoppum á norðan og sunnaverðum Vestfjörðum árið um kring og gæti einnig mætt aukinni eftirspurn. Orka verður með flutt með tveim aðskildum flutningslínunum og getur jafnt komið frá Hvalárvirkjun eða af landskerfi frá Hrútatungu. Bilanir á Vesturlínu austan Kollafjarðar hafa því ekki lengur áhrif fyrir þennan hluta Vestfjarða. Svæðið er því hringtenget með N-1 afhendingu og hefði öruggt aðgengi að raforku árið um kring.

Horft til framtíðar mætti einnig hafa í huga lagningu strengs/línu/sæstrengs, úr tengipunkti í innanverðu Ísafjarðardjúpi til Ísafjarðar. Þessi framkvæmd væri til að bregðast við aukinni eftirspurn eftir raforku á þessu svæði og samhliða uppbyggingu annarra virkjunarkosta en Hvalár. Aukin eftirspurn getur skapast með jöfnum stíganda eftir þróun atvinnulífs og eða með kaupanda sem tæki t.d. 30 – 40 MW.

- c. Strandir. Raforkuframleiðsla í Steingrímsfirði og flutningslína úr Geiradal yfir á Hólmavík eru innan marka fyrir almenna dreifikerfið því fyrir utan umfjöllunar Kerfisáætlunar. Núverandi kerfi á vegum Orkubús Vestfjarða hefur að mestu náð að uppfylla afhendingaröryggi raforku miðað við önnur sambærileg svæði í landinu. Öll endurnýjun og uppbygging dreifkerfisins miðast við lagningu jarðstrengja, nú síðast með jarðstreng úr Hrútafirði í Steingrímsfjörð. Virkjunaraðilar Hvalárvirkjunar hafa einnig lagt fram beiðni um tengingu virkjunarsvæðisins í Ófeigsfirði með 19 KV jarðstreng úr Steingrímsfirði. Þar með væri raforkuöryggi í Árneshreppi stórbætt og nýtist einnig síðar meir til að flytja orku frá Hvalá í Steingrímsfjörð.

Til að mæta aukinni eftirspurn s.s. tengdri uppbyggingu atvinnustarfsemi má auka flutningsgetu frá Geiradal yfir til Hólmavíkur með styrkingu á flutningslínu um Tröllatunguheiði. Eins myndu endurbætur á Vesturlínu austan Kollafjarðar í Geiradal bæta raforkuflutning frá Hvalá inn til Steingrímsfjarðar og efla hringtengingu kerfisins. Eins má auka orkuframleiðslu innan svæðisins með smávirkjunum.

- d. Reykhólar. Flutningskerfið er allt innan almenna dreifikerfisins og því utan umfjöllunar Kerfisáætlunar. Núverandi kerfi á vegum Orkubús Vestfjarða hefur að mestu náð að uppfylla að mestu afhendingaröryggi raforku miðað við önnur sambærileg svæði í landinu. Öll endurnýjun og uppbygging dreifkerfisins miðast lagningu jarðstrengja. Nauðsynlegt væri að hraða uppbyggingu dreifkerfis en það yrði að vera með opinberu framlagi því takmörk eru á fjárhagslegri getu Orkubús Vestfjarða, til að geta mætt kröfum frá öllum svæðum í einu.

Staða Vestfjarða í orku og flutningsmálum raforku mun breytast hratt til hins betra innan gildistíma kerfisáætlunar sem hér er til umsagnar. Þessar framfarir eru þó einungis í svæðisbundna kerfinu og því ekki að sjá að markmiðum þingsályktunartillögu 26/148 verði náð á þeim stutta tíma sem er frá gildistíma kerfisáætlunar Landsnets og þangað til að markmiðum tillögunnar skal náð. Sveitarfélög og fyrirtæki á Vestfjörðum telja að með styrkingu svæðisbundna kerfisins sé verið að auka afhendingaröryggi raforku til muna á svæðinu. Þessar breytingar munu þó hafa lítið að segja ef ekki verður tryggt N-1 tenging við Landsnetið, annaðhvort með tengingu frá Hrótafirði eða með tengingu frá fyrirhugaðri Hvalárvirkjun.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri